

7. gr.

Eigendur blindra-, leitar og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

Hafi eigandi skráðs hunds lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis er heimilt að veita afslátt af gjöldum samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar skv. nánari reglum sem bæjarstjórn setur. Bæjarstjórn getur enn fremur sett reglur um slík afsláttarkjör fyrir hundaeigendur sem hafa í hvívetna fullnægt ákvæðum samþykktar um hundahald í ákveðinn árafjölda eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar.

8. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Mosfellsbæjar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 18. september 1998.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Kristín Árnadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á skipulagi á Búrfellslínu 3A í Skeiðahreppi.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur verið auglýst breyting á skipulagi Búrfellslínu 3A í Skeiðahreppi.

Skipulagsbreytingin felur í sér eftirfarandi:

a.

Lega línunnar frá Framneslandi að landi Reykhóls hliðrast 100 m norðar en gert var ráð fyrir í skipulagi þannig að lega hennar verður 50 m norðan við Búrfellslínu 1 í stað þess að vera 50 m sunnan hennar.

b.

Vegna staðfestrar breytingar á skipulagi línunnar í Gnúpverjahreppi færast austasti hluti línunnar í Skeiðahreppi um 420 m til norðurs við Sandlæk en kemur inn á línuleiðina, sbr. lið a hér að ofan, um 500 m vestan við Skálholtsveg og liggur síðan 50 m norðan Búrfellslínu 1.

Ofangreind afgreiðsla sveitarstjórnar Skeiðahrepps staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Umhverfissráðuneytinu, 18. september 1998.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.